

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2016, fimmtudaginn 15. desember, kl. 10.00 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **103. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Sólfjörð Hótel ehf, Sveinbjarnargerði, Svalbarðsstrandarhrepp, sækir um leyfi fyrir breytingum á aðalhúsi (hús C) og tengibyggingu milli húsa B og C, í Sveinbjarnargerði, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 14.12.2016, verk nr. 16-103.

Byggingarnefnd samþykkir erindið

2. Grettir Hjörleifsson, Syðra-Laugalandi efra, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að flytja sumarhús sem staðsett er á Anastöðum í Skagafirði og setja niður á skipulögðu frístundasvæði fyrir ferðaþjónustu, hús nr. 4 á Syðra-Laugalandi efra. Meðfylgjandi teikningar eru eftir Friðrik Friðriksson, dags. jan. 1989, staðfærðar af Jónasi Vigfússyni, dags. 24.11.2016.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Einar Gíslason, Brúnum, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að byggja ferðaþjónustuhús við áður byggðan kjallara undir bílskúr (bílskúrin var ekki byggður) á jörðinni Brúnum, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Jónas Vigfússon, dags. 14.12.2016, verk nr 2016.03.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Kiðholt ehf, Bjarkarlundi 5, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja bíla og vélaverkstæði að Lækjarvöllum 3-5, Hörgársveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 14.11.2016, verk nr. 16-502.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleiri mál ekki tekin fyrir. Fundi slitið kl. 11.00.

Hreiðar B. Hreiðarsson
Hermann Jónsson

Egill Bjarnason
Elmar Sigurgeirsson

Björn Ingason
Jósavin Gunnarsson